

**S A M Þ Y K K T****um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmála í Siglufjarðarkaupstað  
nr. 93 6. júní 1963.****1. gr.**

Við 2. gr. bætist: Stjórn Sjúkrahúss Siglufjarðar.

Í sömu grein falli niður Hólsbúsnefnd og stjórn Rauðku.

**2. gr.**

Í samræmi við lið 1 breytist 7. grein (starfssvið nefnda) þannig:

- A. Í fyrsta lið, starfssvið bæjarráðs, bætist nýr liður, sem verði i-liður: „Bæjarráð fer með málefni Sildarverksmiðjunnar Rauðku og málefni jarðarinnar Hóll.“
- B. Töluliðir 5 og 14 í starfssviði nefnda falli niður og talnasetning liða eftir því.
- C. Nýr töluliður 22 hljóði svo: Stjórn Sjúkrahúss Siglufjarðar skal skipuð 3 aðalfulltrúum og 3 til vara. Stjórnin annist stjórnun rekstrar sjúkrahússins, semur fjárhagsáætlanir þess og lætur semja ársreikninga þess. Fjárhagslegar ákvarðanir eru háðar samþykki bæjarráðs og bæjarstjórnar. Yfirlæknir og ráðsmaður sitji að jafnaði fundi sjúkrahússtjórnar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1970.*

**Emil Jónsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**R E G L U G E R Ð****um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna  
sveitarfélaga nr. 159 20. september 1962.****Ákvæði til bráðabirgða:**

Varðandi kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, er koma í stað samninga, sem falla úr gildi 31. desember 1970, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á reglugerð nr. 159/1962.

1. Frestur sáttasemjara ríkisins skv. 2. mgr. 11. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 1. desember 1970.
2. Frestur aðila skv. 1. mgr. 13. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. janúar 1971.